

Samráðsgátt stjórnvalda

Frá: Svens ehf.

Vegna: Drög að frumvarpi til laga um breytingar á ýmsum lögum um skatta og gjöld o.fl. (nýsköpun, virðisaukaskattur o.fl.)

Svens ehf. setur sig ekki á móti skattlagningu á nikótínvörur, sérstaklega ef lýðheilsusjónarmið eru látin ráða för. Því miður er því ekki þannig farið í þessu frumvarpi. Forsendur þess eru að mörgu leyti rangar og ummæli í greinargerð afvegaleiðandi. Annað hvort eru frumvarpsdrögin samin af vankunnáttu eða til að villuleiða upptekna alþingismenn sem eru með hugann við komandi kosningar þessa dagana.

Sem dæmi um rangfærslur í greinargerðinni, sem er forsenda frumvarpsins má nefna þetta:

Í fyrsta lagi: Þá er vísað til 4 ml. einnota rafrettna, sem hefur verið ólöglegt að flytja inn til landsins síðan í desember í fyrra. Sá samanburður hefur því enga þýðingu.

Í öðru lagi: Segir í greinargerðinni að til að setja gjaldtökuna í samhengi myndi 100 ml. áfyllingarvökvi vegna rafrettna bera gjald að fjárhæð kr. 6.000. Þessi mælikvarði til samanburðar á ekki rétt á sér og er óraunhæfur, m.a. vegna þess að ólöglegt er að selja rafrettuvökva í stærri einingum en 10 ml. Í 2 ml. einnota rafrettum eru 800 innsog eða „smókar“. Í 100 ml. af nikótínvökva eru því u.þ.b. 40.000 innsog eða „smókar“. Þessi samanburður á álögur á nikótínþúða og rafrettur stenst því ekki og er ekki til þess fallið að vera til upplýsinga. Þvert á móti virðist þetta vera sett fram í þeim tilgangi að rugla umræðuna.

Í þriðja lagi: Er lagt út frá því að Noregur hafi bannað að selja nikótínþúða án tóbaks. Í því samhengi er ósagt látið að Noregur leyfir nikótínþúða með örlytlu tóbaki. 16% Norðmanna nota þúða með nikótíni undir vör skv. opinberum tölum fyrir 2023. Markaður fyrir þessa vöru er því til í Noregi öfugt við það sem mætti álykta af ummælum í greinargerðinni.

Í fjórða lagi: Er því haldið fram að ungt fólk noti nikótínþúða í auknum mæli og notkun rafrettna hjá sama aldurshópi (18-34 ára) hafi staðið í stað. Þetta kemur ekki að neinu leyti heim og saman við markaðsrannsóknir sem Svens hefur látið markaðsrannsóknarfyrirtækið Prósent gera á liðnum árum og vikið verður að hér að neðan.

Staðreyndin er sú að með þessu frumvarpi mun eiga sér stað tilflutningur á neyslu á nikótíni frá nikótínþúðum yfir í rafrettur og tóbak. Það getur ekki verið í samræmi við lýðheilsusjónarmið.

Ef að markmið með álögunum er lýðheilsusjónarmið þá hlýtur löggjafinn að byrja á að flokka nikótínvörur í einhverri röð eftir skaðsemi, sem og byggja á réttum upplýsingum.

Staðreyndir

Verði frumvarpsdrögin að lögum verður meirihluti nikótínþúðadósa (ca. 20 þúðar) skattlögð á bilinu 420-600 kr., sem þýðir 75% - 100% hækkun á útsöluverði. Skattur af sígarettum er 600 kr. á pakka, sem inniheldur 20 sígarettur. Niðurstaðan verður því sú að dós með 20 nikótínþúðum og sígarettupakki með 20 sígarettum verður á svipuðu verði út úr búð.

Á sama tíma mun 2 ml. einnota rafretta (800 „smókar“) verða skattlögð um 120 kr., sem er 17% hækkun á verði.

Í þessu felst neyslustýring frá nikótínþúðum til rafrettna og tóbaks .

Á sama tíma er eftirfarandi **óumdeilt**.

Í fyrsta lagi: Inntaka rafrettna er í gegnum lungu. Rafrettur innihalda þúsundir efna og efnasambönd sem aldrei hafa verið rannsökuð og lítið er vitað um skaðsemi þeirra. Allt efnaáreiti á lungun er skaðvænlegt. Rafrettur innihalda einnig hreint nikótín.

Í öðru lagi: Eru nikótínþúðar samansettir einungis af efnum sem samþykkt eru til matvælaframleiðslu og hreinu nikótíni.

Svíþjóð er það land sem er með mestu reynsluna af nikótínneyslu fólks í vör, þ.e.a.s snus með tóbaki og nikótínþúðum. Þar í landi er að finna mestu upplýsingarnar um skaðsemi þess á heilsu fólks. Það er því mjög áhugavert að skoða hvernig Svíþjóð hefur beitt skattlagningarvaldi á þessa vöru. Í Svíþjóð ber nikótínþúða dós skatt upp á ISK 40 kr. Rafrettur, einnota 2 ml., bera álögur upp á ISK 52-104 kr, það fer eftir styrkleika nikótíns (efra þrepið, 104 kr, er sá styrkur sem nánast eingöngu er seldur á Íslandi). Pakki af sígarettum um ISK 800 kr., sem er fastur og söluverðstengdur skattur. Yfirvöld í Svíþjóð hafa tekið upplýsta ákvörðun um að skattleggja nikótínþúða minnst af þeim vörum sem hér eru taldar upp og innihalda nikótín.

Tölfræði um nikótínneyslu Íslendinga.

Eftirfarandi eru staðreyndir um nikótínneyslu Íslendinga.

1. 40% íslendinga segjast nota nikótín, sem er sami fjöldi í dag og fyrir 4 árum.^{1*}
2. 16% nota nikótínþúða, 12% fyrir 4 árum.^{2*}
3. 10% nota rafrettur, 5% fyrir 4 árum.^{3*}
4. Í dag nota jafn margir 18-24 ára nikótínþúða og fyrir 4 árum.^{4*}
5. Í dag nota 6 sinnum fleiri, (500% aukning), 18-24 ára rafrettur en fyrir 4 árum.^{5*}
6. Hlutfall fullorðinna sem reykja tóbak daglega fór úr 9,4% árið 2017 niður í 5,7% árið 2023.⁶
7. Notkun íslensks tóbaks í vör fór úr 5,1% árið 2019 niður í 1,2% árið 2023.⁶

Markaðsrannsóknarfyrirtækið Prósent hefur gert fimm kannanir fyrir Svens frá lokum árs 2020 til sumars 2024. Úrtakið er frá 18 ára og upp úr. Úrtak í hvert skipti er um 1.200 manns. Vikmörk í slíkum könnunum eru einhver, eins og öllum öðrum könnunum. Niðurstaða þessara kannanna er alveg skýr þess efnis að engin bylgja er í aukningu á notkun nikótínþúðum hérlendis á meðal ungs fólks, öfugt við það sem heyrst oft í opinberri umræðu. Því miður er það hins vegar svo að í yngsta hópnum er gríðarleg aukning í notkun rafrettna. Verði frumvarpið að lögum er ljóst að stefna stjórnvalda er í raun að auka þá neyslu enn meir. Þingmenn verða að svara þeirri spurningu hvort það sé virkilega eðlilegt markmið út frá sjónarmiðum um lýðheilsu.

1. -Q4 árið 2020 sögðu 59% að þeir notuðu ekki nikótín en 62% svöruðu því sama í Q2 árið 2024.

2. -Q4 árið 2020 sögðu 12% að þau notuðu nikótínþúða, 16% Q2 2024.

3. -Q4 árið 2020 sögðu 5% að þeir notuðu rafrettur/veip, 10% Q2 2024.

4. -Q4 árið 2020 sögðu 40% að þau notuðu nikótínþúða, 35% Q2 2024. Hér er ekki verið að staðhæfa að "trendið" sé niður á við, til þess þarf aðra könnun til að sýna fram á það. En ljóst er hins vegar að það er ekki upp á við.

5. -Q4 árið 2020 sögðu 4% á aldrinum 18-24 að þau notuðu rafrettur/veip, 24% Q2 2024. Út af vikmörkun gæti margföldunin verið 5, 6 eða 7 sinnum en mikil aukning er augljós á „trendinu“.

6. -Lýðheilsuvaktin á island.is

Niðurstaða

Verði frumvarpsdrögin að lögum mun löggjafinn gera tóbak aftur samkeppnishæft á nikótín markaðnum og veita rafrettum umtalsvert samkeppnislegt forskot. Slíkt getur ekki verið í samræmi við lýðheilsusjónarmið. Augljóst er að til grundvallar frumvarpinu liggur engin vinna í að meta skaðamun á nikótínvörum. Í öllum löndum sem við berum okkur saman við er umræðan um „skaðaminnkun“. Í Danmörku eru lágar álögur á rafrettur, af því að rafrettur hafa verið tæki í baráttunni við tóbaksreykingar. Danmörk sker sig úr hvað varðar hátt hlutfall reykinga, en hlutfall fólk sem reykir þar er meira en þrisvar sinnum það sem er á Íslandi og í Svíþjóð. Svíar hafa mestu reynsluna af skaðsemi eða skaðaminnkun á nikótíni í vör, áratuga reynslu. Þar hefur sú leið verið farin að hafa mun á opinberum álögum á nikótínpúðum og rafrettum og margfaldan skatt á tóbaki.

Ef þessar álögur eiga að ganga í gegn og löggjafinn vilji á sama tíma horfa til lýðheilsusjónarmiða, þá hlýtur skattur á sígarettur, rafrettur og annað tóbak að vera margfaldaður samhliða. Með rafrettur sem langóðyrasta kostinn á nikótínmarkaðnum er ekki mikil spurning hvernig þróun á þeirri neyslu verður í framhaldinu, sérstaklega hjá yngri kynslóðinni, miðað við síðustu 4 ár. Mikið meiri óvissa er um skaðsemi rafrettna á líkamann en skaðsemi nikótínpúða.

Samhliða breytingum á þessum lögum telur Svens að sé löggjafanum alvara með lýðheilsusjónarmiðum, þá hljóti eftirlit með innflutningi og sölu á nikótínvörum að verða stóreflt og þá að hluta til fjármagnað með skattlagningunni. Að láta aðeins einn starfsmann HMS sjá um allt eftirlit í landinu með þessum vörum gefur auga leið að er langt frá því að vera nægjanlegt. Það þarf ekki að skoða margar verslanir eða skyndibitastaði, t.d. í miðbænum, til að sjá að reglur eru margbrotnar við sölu á þessum vörum með því að vera með þær sýnilegar. Ef lögin eru ekki virt í því hvernig ætli skilríkjaeftirlit sé þá? Stjórnvöld hljóta að þurfa að axla sína ábyrgð á þessu.

Með vísan til þess sem hér hefur verið rakið telur Svens að vinna þurfi mun betur að málinu með lýðheilsusjónarmið sem markmið.

Virðingarfyllst,

f.h Svens ehf.

Ragnar Orri Benediktsson